



Skiptulags- og umhverfisnefnd – aukafundur 04.06.2014

4. júní 2014, kl 21.00

Fundarstaður: Sel Hótel - Mývatn

Fundarmenn:

Margrét Hólm Valsdóttir, form.

Bjarni Reykjalín, skiptulags- og byggingarfulltrúi

Eyrún Björnsdóttir

Birgir Steingrímsson

Karl Emil Sveinsson

Einar Jónsson varamaður Péturs Snæbjörnssonar

Dagskrá:

1. Byggingaleyfi vegna húsnæðis LR ehf. í Helgavogi.

Formaður setti fund og tók fyrir eina mál á dagskrá fundarins, byggingaleyfi vegna breytinga á húsnæði Landeigendafélags Reykjahlíðar ehf. (LR ehf.) í Helgavogi.

Umrætt byggingaleyfi var gefið út af byggingafulltrúa í maí sl. eftir að upplýsinga hafði verið aflað hjá Skiptulagsstofnun og fulltrúi þar hafði gefið út að slíkt byggingarleyfi væri samkvæmt gildandi lögum og reglum þar sem einungis um tímabundna breytingu væri að ræða en ekki varanlega breytingu í íbúðarhúsnæði. Einnig tilkynnti byggingafulltrúi starfsmanni UST á svæðinu um fyrirhugaða framkvæmd og voru engar athugasemdir gerðar.

Byggingafulltrúi mætti á fund og skýrði ítarlega feril þessa máls og þann rökstuðning sem hann hafði fengið frá Skiptulagsstofnun og hvers vegna hann hefði gefið út umrætt leyfi.

Nefndin lýsir furðu sinni á afgreiðslu Skiptulagsstofnunar til byggingafulltrúa þar sem nefndin telur að í þessum efnum hefði átt að breyta aðalskiptulagi á umræddu svæði í Helgavogi þar sem nefndin telur að um breytta notkun sé að ræða. Nefndin leggur áherslu á að farið verði í hvívetna eftir þeim skilyrðum sem byggingafulltrúi setti við veitingu byggingaleyfis og húsnæðið verði ekki tekið í notkun fyrr en fullnaðarúttekt hefur farið fram.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 21.50.

